

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1104

Dagsetning: 10. mars 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Anna Sigríður Vernharðsdóttir, gæðastjóri HH, sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 3. mars 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Aðsend erindi

Fjallað var um þingfyrirspurn um synjanir geðheilsuteyma á beiðnum um þjónustu. Svar við fyrirspurninni er í vinnslu.

3. Fjárhagsstaða HH

Rætt var um áherslur HH á fundi í heilbrigðisráðuneytinu um fjárhagsstöðu og fjármögnun HH.

4. Gæðauppgjör geðþjónustu

Gæðauppgjör geðheilbrigðisþjónustu HH fyrir árið 2025 var kynnt fyrir framkvæmdastjórn. Þar var meðal annars farið yfir árangursmælingar ásamt nýsköpunar- og umbótaverkefnum.

5. Málþing 13. mars

Rætt var um málþing með sérfræðingum frá sænskri heilsugæslu sem HH stendur fyrir þann 13. mars.

6. Einhverfumál

Upplýst var að fulltrúar HH hafa verið boðaðir á fund í heilbrigðisráðuneytinu um málefni einhverfra.

7. Starfsmannamál

Umræða um ýmis starfsmannamál.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf svar við þingfyrirspurn um synjanir geðheilsuteyma, sjá lið 2.
Ábyrgð: ÍDH
- Funda þarf með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um fjárhagsstöðu og fjármögnun HH, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM, HP
- Upplýsa þarf heilbrigðisráðuneytið um gæðauppgjör geðheilbrigðisþjónustunnar, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH
- Funda þarf með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um mállefni einhverfra, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 9:55.